

Rangárþing eystra
Austurvegur 4
860 HVOLSVÖLLUR

Garðabær, 1. nóvember 2023
Málsnúmer: 202310-0028
BK

Efni: Brú - Lýsing á breytingu á aðalskipulagi

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 18. október 2023, þar sem Rangárþing eystra óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi. Breytingin nær til jarðarinnar Brúar (L163848) þar sem landeigendur hafa óskað eftir að hluti jarðar verði skilgreindur sem frístundabyggð, 92,3 ha að stærð fyrir allt að 50 frístundalóðir. Þá yrði verslunar- og þjónustusvæði VP13 stækkað úr 3 ha, í allt að 42,7 ha.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Líkt og fram kemur í lýsingunni, þá er svæðið á Suðurlandsundirlendi sem hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, meðal annars vegna mikils þéttleika vaðfugla. Grónar og hálfgrónar áreyrar Markarfljóts eru þar engin undantekning og fóstura mikið fuglalíf. Má þar sérstaklega nefna spóa en búsvæði af þessu tagi eru kjörlandi hans hér á landi með einhvern mesta þéttleika sem þekktist á heimsvísu. Þéttleiki margra annarra vaðfugla er einnig hár og þá er kjói mjög algengur á svæðinu en hann er á valista sem tegund í hættu. Þessum búsvæðum er víða ógnað, s.s. vegna framrásar lúpínu og skógræktar og nú á seinni árum einnig vegna uppbyggingar frístundabyggða og ferðaþjónustu. Mikilvægt er að vernda sem stærst, samfelld svæði fyrir raski og uppbroti (e. fragmentation) og reyna að hefta frekari útbreiðslu lúpínu.

Skipulagssvæðið sem hér um ræðir er stórt og að töluverðu leyti á óröskuðu landi. Gera má ráð fyrir miklu fuglalífi á svæðinu og mun óbreytt skipulag því fela í sér umtalsvert tap og uppbot á búsvæðum varpfugla.

Í töflu yfir umhverfisþætti sem verða skoðaðir er eina matsspurningin sem snýr að fuglum eftirfarandi: „Hefur stefnan áhrif á fuglaverndunarsvæði?“

Þetta er of þröngt viðmið og í umhverfismatsskýrslu ætti að vera umfjöllun um líklegar fuglategundir á svæðinu og áhrifum framkvæmdanna á þær. Náttúrufræðistofnun hefur vakt að fugla á sambærilegu svæði við Markarfljót sunnan Hringveggar og væri m.a. hægt að styðjast við þau gögn.¹ Þá þarf að skoða samlegðaráhrif við aðrar framkvæmdir en nú er fyrirhuguð uppbygging vegna frístundabyggða eða ferðaþjónustu á a.m.k. þremur svæðum í grennd við Markarfljót.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að endurskoða eigi umfang skipulagsins með það að markmiði að hlífa þeim svæðum sem ekki hefur verið raskað af mannavöldum.



Þá fylgir því mikil ábyrgð að skipuleggja frístundabyggð og ferðapjónustusvæði innan skilgreinds hættusvæðis vegna náttúruvár, þ.e. jökulhlaup vegna eldgosa undir jökli. Mikilvægt er að taka tillit til náttúruvár í allri landnýtingu og skipulagsvinnu.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Heimild

1. Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Svenja N.V. Auhage og Guðmundur A. Guðmundsson 2014. Bakkafjöruvegur: vöktun á fuglalífi 2007–2014. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-14008. Reykjavík. <https://utgafa.ni.is/skyrslur/2014/NI-14008.pdf>

Virðingarfyllt,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

